

## Fundur í fjallskilanevnd Fljótsdalshrepps, Végarði 30.08 2016

---

### 1. Jafnað niður í göngur.

Gangnastjórar skipaðir.

- Í Rana: Hallgrímur Þórhallsson
- Undir Fellum: Gunnar Jónsson
- Múla: Hjörleifur Kjartansson
- Gilsárdalur, Villingafell og Flatarheiði: Hjörtur Kjerúlf
- Kiðafell: Hjörleifur Kjartansson
- Útheiði: Jóhann F. Þórhallsson
- Rekstrarstjóri út Norðurdal: Friðrik Ingólfsson
- Réttarstjóri: Hjörtur Kjerúlf, til vara Þorvarður Ingimarsson

Lagt verður af stað í göngur 20. september og réttað í Melarétt 24. september. Rekstur úr safnhólfi hefst kl. 11.00 og byrjað verður að rétta kl. 13.00.

Stefnt skal að smölun á Hraunum og Kiðafelli 17. september.

Samsmölun heimalanda á Suðurbyggð skal vera 1. og 2. október.

### 2. Réttardagur 2017, verður laugardag 23. september.

### 3. Fyrir flutning á fé skal greiða eins og verið hefur. Óskað er eftir að greitt verði úr sveitarsjóði fyrir smölun á Hraunum, eins og verið hefur.

Unnið er að lagfæringum á Melarétt og Egilsstaðarétt.

Fjallskilastjóra falið að athuga með veitingar í Pilsvangi á réttardag.

### 4. Erindi BÍ dags. 09.08 2016. Varðar ályktun Búnaðarþings 2016 um fjallskil og meðfylgjandi er spurningarlisti frá BÍ:

- 1) Eru einhver vandkvæði á framkvæmd fjallskila í sveitarfélaginu í samræmi við ákvæði laga um afréttarmálefni, fjallskil og fleira nr.6/1986? Svar: Bændum hefur fækkað mikið á undanfórnum árum og meðalaldur þeirra sem eftir eru hækkar, sem veldur erfiðleikum við fjallskil.
- 2) Nokkuð ber á því að útigengið fé, eða hræ af slíku fé finnist í beitolöndum á ýmsum tímum að vetrinum og allt fram á vor. Þá hafa bændur sums staðar kvartað yfir slælegri framkvæmd fjallskila. Eru dæmi um slíkt þekkt í sveitarfélaginu? Svar: Já, það ber á því að fé komi seint að og gangi úti.
- 3) Ef dæmi skv. spurningu 2. Eru þekkt, eru þau vaxandi vandamál í sveitarfélaginu? Svar: Já, það gerist æ oftar.

- 4) Liggja fyrir tillögur til úrbóta í sveitarfélaginu , sé þeirra talin þörf, og ef svo er , hverjar eru þær helstu? Svar: Nei, það liggja ekki fyrir tillögur í þeim efnunum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 24.00

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Gunnar Jónsson (sign)

Hjörleifur Kjartansson (sign)

Eyjólfur Ingvason (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

*Údráttur úr Fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur.*

### **Um fjallskil að hausti.**

12. grein.

„ Þá skal fyrsta lögrétt aldrei vera seinna en um síðustu helgi í september, og ber að haga gangnadögum í samræmi við það. Ganga skal afréttir, upprekstarlönd og önnur heimalönd að minnsta kosti tvisvar á hausti hverju og skal **annarri göngu lokið eigi síðar en 15. október.**“

13. grein.

„ Hver bóndi eða jarðareigandi , hvaða búskap sem hann stundar, er skyldur að taka þátt í smölun síns heimalands þegar sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eða umráðamenn eyðijarða, þó þeir eigi þar ekki fjár von. Samhliða göngum skulu eigendur afgirtra heimalanda smala þau lönd og gera full skil á því fé sem þar er“.